


# Lista-og menningarlæsi

Það getur verið gaman að skapa listaverk og taka þátt í menningarstarfi. Þannig getum við fengið útrás fyrir sköpunargleði og aukið skilning okkar á sögu, samfélagi og umhverfi.

Á frístundaheimilinu okkar bjóðast fjölbreytt tækifæri til að skapa listir og listaverk. Þar fáum við að prufa nýja hluti og lærum nýjar leiðir til að tjá okkur í gegnum listina. Það getur verið gott að læra að tjá sig í gegnum sköpun vegna þess að þar lærum við að leysa verkefni á frumlegan hátt. Hægt er að efla lista- og menningarlæsi á margvíslegan hátt og gefa þannig lífinu lit.



Frístundalæsi